

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 296/1996.

Magnús Guðmundsson

(Ólafur Garðarsson hrl.)

gegn

Eddu Sigurrós Sverrisdóttur

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

og gagnsök

Vinnusamningur. Verksamningur. Höfundarréttur. Skaðabætur. Fyrning. Tómlæti. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1996. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur hennar verði lækkaðar. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1996. Hún krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 3.723.712,50 krónur með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1990 til greiðsludags. Til vara krefst hún skaðabóta með sömu fjárhæð og vöxtum og í aðalkröfu. Hún krefst þess enn fremur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 1.000.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum frá dómsuppsögu í Hæstarétti auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hófu málsaðilar samstarf árið 1985 við gerð kvikmyndarinnar Lífsbjörg í norðurhöfum. Var aðaláfrýjandi framleiðandi myndarinnar, og starfaði hann að gerð hennar, allt þar til hún var frumsýnd í sjónvarpi 14. mars 1989. Gagnáfrýjandi vann að kvikmyndinni árin 1985 og 1986, en aðilum ber ekki saman um, hve lengi. Hóf hún störf við verkið aftur í janúar 1989 og telur sig hafa unnið við myndina og breytingar á henni fram í júní sama árs.

Sigurður Helgi Guðjónsson hæstaréttarlögmaður gaf skýrslu fyrir héraðsdómi. Kvað hann báða málsaðila hafa skýrt sér frá, á hvaða fjárhagslegum forsendum gagnáfrýjandi hafi gengið til liðs við aðaláfrýjanda. Hafi hinn síðarnefndi ætlað að afla fjár til verksins og bera alla fjárhagslega áhættu, en að því leyti hafi gagnáfrýjandi verið „stikkfrí“. Hún hafi hins vegar átt að fá helmingshlutdeild í ágóðanum, en það hafi vitninu reyndar fundist harla fjarlæggt markmið. Hafi vitninu þótt þetta sérkennilegt og sagt málsaðilum það. Aðaláfrýjandi hafi skýrt þetta með því, að hann hafi ekki átt fé á þessum tíma til að ráða gagnáfrýjanda með öðrum kjörum, og því hafi hann orðið að lofa þessu. Í augum vitnisins hafi þetta samkomulag orðið enn sérkennilegra fyrir það, að aðaláfrýjandi hafi einnig sagst greiða gagnáfrýjanda einhvers konar laun eða eitthvað upp í ágóðahlut. Ekki hafi því allt komið heim og saman í samkomulagi málsaðila.

Fyrir dómi hafa málsaðilar í höfuðatriðum staðfest, að upphaflegt samkomulag þeirra hafi falið í sér helmingshlut gagnáfrýjanda í hagnaði, sem kvikmyndinni var ætlað að skila. Af framburði þeirra verður einnig ráðið, að gagnáfrýjandi hafi síðar orðið fráhrerf þessu samkomulagi og leitað eftir því að fá greitt fyrir vinnuframlag sitt óháð því, hvort hagnaður yrði af verkinu. Verður jafnframt ráðið, að aðaláfrýjandi hafi samþykkt þessa breytingu á samkomulagi þeirra. Verður lagt til grundvallar, að þessi atvik hafi gerst á fyrri hluta árs 1989, eftir að gagnáfrýjandi kom að nýju til starfa, er loka-átak við gerð myndarinnar hófst.

II.

Gagnáfrýjandi reisir aðalkröfu sína á nú reikningum, sem allir virðast hafa verið gefnir út árið 1992. Að auki er í aðalkröfu sérstakur kröfufliður fyrir tónlistarflutning í myndinni. Bera sjö þessara reikninga með sér að vera fyrir vinnu við kvikmyndina á árunum 1985 og 1986, einn árið 1988 og hinn síðasti árið 1989. Eru átta hinir fyrst töldu samtals að fjárhæð 1.161.714,50 krónur.

Sýknukrafa aðaláfrýjanda styðst meðal annars við, að launakröfur gagnáfrýjanda vegna þessara átta reikninga fyrir árin 1985-1988 séu fyrndar. Ber aðaláfrýjandi, að hann hafi fyrst séð reikninga gagnáfrýjanda við þingfestingu málsins í héraði 12. maí 1992, en þá

hafi frumrit þeirra verið lögð fram í dómi. Sanni það, að reikningarnir hafi aldrei verið sendir aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjandi mótmælir því, að kröfur sínar séu fyrndar, og vísar um það til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Samkvæmt upphaflegu samkomulagi málsaðila var krafa gagnáfrýjanda um endurgjald fyrir vinnuframlag árin 1985 og 1986 miðuð við hlutdeild í væntanlegum hagnaði af kvikmyndinni. Gjaldldagi kröfu samkvæmt þeim samningi var því í fyrsta lagi 10. mars 1989, er samið var um greiðslur fyrir sýningu myndarinnar í sjónvarpi, sem síðan var frumsýnd 14. sama mánaðar. Krafa gagnáfrýjanda var þannig háð frestsskilyrði, og gat fyrningarfrestur ekki farið að liða, fyrr en því skilyrði væri fullnægt. Hið sama á við, þegar litið er til breytingar, sem gerð var á upphaflegu samkomulagi málsaðila og áður er getið, sem mun hafa orðið um líkt leyti, en líta ber svo á, að vinnulaunakrafan hafi þar með fallið í gjalddaga. Samkvæmt þessu var krafa gagnáfrýjanda ekki fallin niður fyrir fyrningu, er aðaláfrýjanda var birt stefna í málinu 4. maí 1992.

Aðaláfrýjandi styður sýknukröfu sína jafnframt við það, að gagnáfrýjandi hafi sýnt tómlæti við að fylgja eftir kröfu sinni. Eru ekki efni til að fallast á þá málsástæðu, enda hafði aðaláfrýjandi á engu stigi málsins réttmæta ástæðu til að treysta, að slík krafa yrði ekki gerð.

Áðurnefndir átta reikningar eru samkvæmt hljóðan sinni fyrir margs konar verkefni árin 1985-1988 við gerð kvikmyndarinnar og fréttamyndar um Samtök grænfríðunga. Eru viðfangsefnin þar talin upp í mörgum liðum og tilgreindur stundafjöldi, sem varið var til hvers þeirra, og í mörgum tilvikum einnig, með hverjum var unnið. Þar er einnig tilgreint uppsett tímakaup í hvert sinn, og munar verulegu á hæsta og lægsta kaupi, sem krafist er fyrir einstök verk. Heldur gagnáfrýjandi því fram, að reikningarnir séu í samræmi við vinnudagbók, sem hún hafi fært á þessum tíma. Er boðað í héraðsdómsstefnu og nokkrum sinnum eftir það, að dagbókin verði lögð fram í málinu, en það þó ekki orðið.

Aðaláfrýjandi viðurkennir, að gagnáfrýjandi hafi unnið fyrir sig við gerð kvikmyndarinnar árin 1985 og 1986, þótt deilt sé um hlutverk hennar við gerð verksins og vinnuframlag. Af skýrslum vitna

fyrir dómi verður einnig ráðið, að gagnáfrýjandi hafi lagt fram all-nokkra vinnu á þessum tveimur árum.

Aðaláfrýjandi mótmælir, að gagnáfrýjandi hafi innt af hendi nokkra vinnu við gerð kvikmyndarinnar árið 1988, enda hafi hún þá verið í starfi annars staðar. Brestur gagnáfrýjanda sönnun fyrir staðhæfingu sinni að þessu leyti, og verður aðaláfrýjandi sýknaður af þeim hluta kröfunnar, sem nemur 165.440 krónum. Þá heldur aðaláfrýjandi því fram í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi, að hann hafi greitt gagnáfrýjanda samtals 170.000 krónur fyrir störf hennar á þessum árum með peningum og greiðslu á vöruúttekt. Hefur gagnáfrýjandi ekki mótmælt því sérstaklega, og verður staðhæfing aðaláfrýjanda um þetta lögð til grundvallar dómi.

Í nokkrum liðum á reikningunum kemur fram, að gagnáfrýjandi telji sig hafa unnið við handritsgerð. Er launafjárhæð fyrir það þó ekki sérgreind, heldur talin með öðru. Hefur aðaláfrýjandi mótmælt þessu sérstaklega, en hann telur sig vera einan höfund handrits að kvikmyndinni. Er krafa gagnáfrýjanda að þessu leyti ósönnuð. Verður hún af áðurnefndum ástæðum því lækkuð að álitum. Að öðru leyti hefur aðaláfrýjandi mótmælt þessum reikningum sem of háum. Þau mótmæli eru almenns eðlis og ekki skýrð eða rökstudd sérstaklega. Að virtum öllum atvikum verður krafa gagnáfrýjanda vegna þessara átta reikninga talin nægjanlega studd gögnum, svo að unnt verði að taka hana til greina að frátöldum þeim liðum, sem áður er getið. Jafnframt dregst frá innborgun aðaláfrýjanda. Samkvæmt því verða viðurkenndar 700.000 krónur vegna þessa þáttar í aðalkröfu gagnáfrýjanda.

III.

Níundi reikningur gagnáfrýjanda er vegna ársins 1989 og er að fjárhæð 2.662.500 krónur. Samkvæmt hljóðan sinni er hann annars vegar fyrir vinnu við undirbúning, klippingu og fleira í 885 klukkustundir við kvikmyndina frá byrjun janúar til loka apríl. Hins vegar er hann vegna breytinga á myndinni og skrifstofuvinnu í 180 klukkustundir frá byrjun maí til loka júní. Engin sundurliðun kemur fram á reikningnum, hvað hvert viðfangsefni hafi tekið langan tíma. Krafist er 2.500 króna tímakaups í báðum tilvikum.

Aðaláfrýjandi reisir mótmæli sín gegn þessari kröfu á því í fyrsta

lagi, að umkrafinn vinnustundafjöldi sé fjarri öllu lagi. Hann bendir á, að starf gagnáfrýjanda hafi falist í að klippa kvikmyndina, sem hafi verið tilbúin til sýninga rétt fyrir 14. mars. Hafi gagnáfrýjandi enga vinnu innt af hendi við myndina eftir það utan það, að smávægilega lagfæringu hafi þurft að gera á einu atriði. Hafi sú vinna tekið eina eða tvær klukkustundir. Gagnáfrýjanda hafi ekki verið falin nein skrifstofuvinnna í maí og júní. Þá hafi hún alið barn 6. apríl 1989, og einnig af þeirri ástæðu megi ljóst vera, að hún hafi ekki starfað fyrir sig hörðum höndum á þessum tíma, svo sem hún haldi fram. Telur aðaláfrýjandi, að starf gagnáfrýjanda í janúar og febrúar hafi í höfuðatriðum verið vinna í 8 klukkustundir á dag og að ekki hafi verið unnið um helgar.

Telja verður leitt í ljós, að gagnáfrýjandi hafi lagt á sig verulega vinnu umfram venjulega dagvinnu frá byrjun árs 1989, þar til kvikmyndin var tilbúin. Gagnáfrýjanda hefur hins vegar hvorki tekist að sanna né gera sennilegt, að hún hafi unnið við verkið eftir 14. mars utan það, sem aðaláfrýjandi hefur viðurkennt. Verður lagt til grundvallar, að hún geti kafið aðaláfrýjanda fyrir allt að 600 klukkustunda vinnuframlag í byrjun árs 1989.

Aðaláfrýjandi mótmælir því, að umkrafið kaup, 2.500 krónur á klukkustund, eigi sér nokkra stoð. Gagnáfrýjandi hefur sjálf skýrt svo frá fyrir dómi, að um sé að ræða leikstjórakaup samkvæmt texta Saga-film hf. og að hún hafi „í reiði sinni“ valið að krefjast hæsta kaups, sem völ var á.

Þótt ýmis viðfangsefni séu tilgreind á reikningi gagnáfrýjanda, telst leitt í ljós, að starf hennar á þessum tíma hafi einkum falist í að klippa myndina og gera hana þannig tilbúna til sýninga. Samkvæmt vitnaskýrslum og öðrum gögnum verður ráðið, að laun fyrir slík störf hafi nokkru eftir 1989 almennt ekki farið yfir 1.000 krónur á klukkustund, en oft verið lægri. Eðlilegt þykir að miða hér við 900 krónur á klukkustund. Samkvæmt öllu framansögðu getur krafa gagnáfrýjanda því samtals numið allt að 540.000 krónum fyrir vinnuframlag hennar á nefndu tímabili.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi viðurkennt að hafa árið 1989 tekið við 300.000 krónum frá aðaláfrýjanda sem greiðslu upp í störf sín. Að auki hafi hún nýtt sér 10.800 danskar krónur, sem var greiðsla frá grænlenka sjónvarpinu til aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi

hefur hins vegar frá upphafi staðhæft, að greiðslur til hennar hafi numið mun hærri fjárhæðum og að með þeim séu öll laun hennar fullgreidd. Hefur hann lagt fram ýmis gögn því til stuðnings, auk þess sem vitni hafa borið um slíkar greiðslur. Meðal þessara gagna er nýtt skjal, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt og stafar frá Skattstofu Reykjanesumdæmis. Er það launamiði frá árinu 1990, sem sýnir, að aðaláfrýjandi greiddi gagnáfrýjanda verktakalaun árið áður, að fjárhæð 555.000 krónur. Gagnáfrýjandi taldi hins vegar ekki fram til skatts nein laun frá aðaláfrýjanda árið 1990 eða síðar.

Með viðurkenningu gagnáfrýjanda, fram lögðum kvittunum, ljósriti af ávísun og yfirlýsingu og framburði vitnanna Elínar Þóru Friðfinnsdóttur og Sigurðar Helga Guðjónssonar telst sannað, að aðaláfrýjandi hafi samtals greitt gagnáfrýjanda að minnsta kosti 500.000 krónur í peningum árið 1989. Að auki hefur gagnáfrýjandi viðurkennt að hafa hagnýtt sér upp í laun 10.800 danskar krónur, sem áður er getið. Þá telst einnig sannað, að aðaláfrýjandi hafi greitt kostnað af ferð gagnáfrýjanda og eiginmanns hennar á kvikmyndahátíð í Frakklandi 1989 og að þessar greiðslur hafi átt að reiknast til launa hjá gagnáfrýjanda fyrir störf hennar. Þykir sannað, að aðaláfrýjandi hafi með öllum framlögum sínum greitt gagnáfrýjanda að minnsta kosti 600.000 krónur árið 1989. Samtals nema framantaldar greiðslur til gagnáfrýjanda því hærri fjárhæð en þeirri, sem hún getur gert kröfu til vegna vinnu sinnar. Verður niðurstaðan samkvæmt því sú, að aðaláfrýjandi verður sýknaður af þessum lið í aðalkröfu gagnáfrýjanda, og kemur greiðsla, sem nemur 60.000 krónum, sem er umfram réttmæta kröfu gagnáfrýjanda samkvæmt II. kafla hér að framan, henni til frádráttar, þannig að eftir standa 640.000 krónur.

IV.

Sérstakur liður í aðalkröfu gagnáfrýjanda er fyrir tónlistarflutning í nefndri kvikmynd. Hefur hún því til stuðnings lagt fram ódagsett skjal, sem ber fyrisögnina Skuldajafnaðaryfirlýsing. Þar vottar einn félagi í hljómsveitinni Súld, að sveitin skuldi gagnáfrýjanda 265.000 krónur. Hljómsveitin eigi hins vegar höfundar- og flytjendarétt að tónlist, sem notuð hafi verið í kvikmyndinni, og afsali hún sér hér

með þeim rétti. Lýsir hann yfir skuldajöfnuði við kröfu gagnáfrýjanda á hendur hljómsveitinni.

Þessari kröfu mótmælir aðaláfrýjandi. Flutningur tónlistar í kvikmyndinni sé sáralítill, og hefði þurft að kaupa hana á sínum tíma, hefði kostnaður ekki getað farið yfir 50.000 krónur. Hann hafi hins vegar haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að hljómsveitin hafi innt þetta af hendi endurgjaldslaust, og hafi hann ekki heyrt annað fyrr en með málshöfðun gagnáfrýjanda. Hafi hann álitid, að hljómsveitin hafi með framlagi sínu viljað styðja góðan málstað, sem boðaður sé í kvikmyndinni.

Félagar í hljómsveitinni hafa ekki gefið skýrslu fyrir dómi. Gagnáfrýjandi hefur ekki gegn mótmælum aðaláfrýjanda fært sönnur á réttmæti þessarar kröfu. Verður hún því ekki tekin til greina.

V.

Gagnáfrýjandi gerir til vara skaðabótakröfu, sem er sömu fjárhæðar og aðalkrafa. Í héraðsdómsstefnu er bótakrafan skýrð með því, að aðaláfrýjandi hafi með blekkingum komið sér undan að greiða fyrir verkið, en gagnáfrýjandi hafi talið sig eiga hlut í kvikmyndinni á grundvelli sameignar eða hlutdeildar í hagnaði. Felist tjón hennar í töpuðum vinnustundum samkvæmt reikningi, sem hún hefði ella unnið við önnur verkefni, og í útlögðum kostnaði. Í greinargerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti segir, að aðaláfrýjandi sé bótaskyldur, þar eð hann hafi með ólögmætum hætti slegið eign sinni á myndina og nýtt sér vinnuframlag gagnáfrýjanda í hagnaðarskyni.

Gagnáfrýjandi hefur ekki stutt það neinum gögnum, að hún hafi sjálf þurft að bera útlagðan kostnað við gerð myndarinnar. Skaðabótakrafan er einnig að öðru leyti haldlaus. Verður aðaláfrýjandi því sýknaður af varakröfu gagnáfrýjanda.

VI.

Til viðbótar aðal- og varakröfu sinni hefur gagnáfrýjandi uppi sérstaka kröfu um greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 krónur. Heldur hún því fram, að hún eigi höfundarrétt að verkinu ásamt aðaláfrýjanda og að hinn síðarnefndi hafi brotið gegn þeim rétti sínum með margvíslegum hætti, er hann breytti myndinni án leyfis eft-

ir 1989. Felist þau brot á höfundarrétti í sjálfum breytingunum á myndinni, en auk þess hafi nafnalista í lok hennar verið breytt til að rýra hlut gagnáfrýjanda við gerð myndarinnar. Því hefur einnig verið hreyft, að samningar aðaláfrýjanda við ýmsa aðila um rétt til að sýna myndina feli í sér brot á höfundarrétti, en ekki eru gerðar kröfur um hlutdeild í greiðslum vegna þeirra.

Aðaláfrýjandi mótmælir, að gagnáfrýjandi eigi nokkurn höfundarrétt að myndinni. Telur hann sig einan eiga hugmyndina að gerð hennar, og hafi hann þegar árið 1983 byrjað að safna heimildum og undirbúa verkið. Hann sé einn framleiðandi myndarinnar, yfirstjórnandi og handritshöfundur og hafi auk þess tekið alla fjárhagslega áhættu af gerð myndarinnar. Þá hafi Samtök grænfríðunga stefnt sér einum fyrir dómstóla í öðrum löndum, þegar þau reyndu að stöðva sýningu myndarinnar þar. Niðurstaða þeirra málaferla hafi valdið því, að óhjákvæmilegt hafi verið að breyta myndinni lítið eitt, enda hafi það verið sér fyllilega heimilt án þess að leita samþykkis gagnáfrýjanda. Hann mótmælir því einnig, að gagnáfrýjandi geti átt nokkurn höfundarrétt sem leikstjóri, enda sé engri leikstjórn til að dreifa í heimildarmynd sem þessari. Hlutverk gagnáfrýjanda hafi verið að aðstoða sig við gerð myndarinnar sem tæknilegur ráðgjafi og á annan hátt, en auk hennar hafi fjöldi manna verið ráðinn til hvers kyns starfa við myndina.

Í skrá í lok myndarinnar um þá, sem unnu að myndinni og lögðu henni lið („kreditlista“), er gagnáfrýjandi getið sem leikstjóra. Það skýrir aðaláfrýjandi svo, að gagnáfrýjandi hafi ein útbúið listann og sér ekki orðið um þetta kunnugt, fyrr en myndin var tilbúin. Hafi gagnáfrýjandi lagt mikla áherslu á að koma nafni sínu fyrir sem víðast á listanum, þar sem það myndi almennt gagnast henni síðar í starfi hennar. Hafi aðaláfrýjandi látið kyrrt liggja við svo búið.

Sannað þykir, að aðaláfrýjandi hafi átt hugmyndina og frumkvæði að gerð kvikmyndarinnar, en hann var jafnframt framleiðandi hennar. Er ekki tilefni til að fjalla sérstaklega um höfundarrétt hans. Engu að síður er ljóst, að hann lét viðgangast, að gagnáfrýjanda væri getið á nefndum lista sem leikstjóra. Samkvæmt því má telja, að hún geti átt höfundarrétt sem leikstjóri, sbr. 41. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Þær breytingar á nafnalista í lok myndarinnar, sem gagnáfrýjandi

telur brjóta gegn rétti sínum, eru tvær. Í fyrri gerð myndarinnar var gagnáfrýjandi ein talin klippari og leikstjóri. Í síðari gerð hennar er auk gagnáfrýjanda Elínar Þóru Friðfinnsdóttur getið sem klippara, og auk gagnáfrýjanda er aðaláfrýjanda getið sem leikstjóra. Af gögnum málsins er ekki annað komið fram en að þáttar Elínar og aðaláfrýjanda sé í síðari útgáfu getið í samræmi við staðreyndir. Felur breyting á nafnalistanum ekki í sér brot á rétti gagnáfrýjanda.

Í skýrslu sinni fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lýst þeirri skoðun, að flestum heimildarmyndum sé í raun leikstýrt á borði klipparans. Í síðari útgáfu myndarinnar hafi tiltekið atriði mest vægi, en í hinni fyrri hafi þetta verið öðruvísi. Að sögn gagnáfrýjanda hafa „Allir þættir í myndinni . . . jafnpungt vægi, en það er ekki í seinni útgáfu“. Þannig hafi listræn hrynjandi horfið. Þá hafi boðskapur myndarinnar breyst í síðari útgáfu og eðli myndarinnar breyst algjörlega. Engar frekari skýringar liggja fyrir um þetta eða um, hvort og þá hvernig breytt hafi verið atriðum, sem gagnáfrýjandi sá um myndatökur á árin 1985 og 1986.

Gögn málsins veita ekki næga vísbendingu um hlutdeild gagnáfrýjanda í verkinu. Þá nýtur engra gagna frá kunnáttumönnum um ætlað listrænt framlag hennar. Er því ekki unnt að leggja dóm á, hvort eða að hve miklu leyti gagnáfrýjandi geti talist höfundur. Þykir málatalibúnaður gagnáfrýjanda svo vanreifaður í þessum þætti, að dómur verði ekki felldur á þessa kröfu hennar. Að svo vöxnu verður ekki hjá því komist að vísa kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu miskabóta frá héraðsdómi.

VII.

Þá er gagnáfrýjandi beindi kröfum sínum fyrst að aðaláfrýjanda, neitaði hún því staðfastlega að hafa tekið við nokkrum greiðslum frá honum vegna starfa árið 1989. Viðurkenning á viðtöku fjár fékkst frá henni í áföngum, eftir því sem aðaláfrýjandi aflaði fleiri sönnunargagna. Svo sem áður getur, viðurkenndi gagnáfrýjandi að endingu að hafa tekið við 300.000 krónum frá aðaláfrýjanda auk 10.800 danskra króna. Með þessu og staðhæfingum um mikinn vinnustundafjölda og tímakaup hafði gagnáfrýjandi uppi rangar kröfur um laun árið 1989, sem hún mátti vita, að ekki stæðust. Með vísan til c-liðar 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einka-

mála verður gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Magnús Guðmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, 640.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. maí 1992 til greiðsludags.

Kröfu gagnáfrýjanda um miskabætur er vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. maí 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. mars sl., var höfðað með stefnu, birtri 4. maí 1992, og síðar framhaldsstefnu, birtri 19. mars 1993. Hinn 11. apríl 1994 var kveðinn upp dómur í máli þessu í Héraðsdómi Reykjavíkur. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, og með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 8. júní 1995, var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Stefnandi er Edda Sigurrós Sverrisdóttir, kt. 280953-3509, Laugavegi 126, Reykjavík.

Stefndi er Magnús Elías Guðmundsson, kt. 291053-4919, Sæbólsbraut 38, Kópavogi, og óskráð einkafirma hans, Mega-film, kvikmyndagerð, Klapparstíg 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði persónulega og fyrir hönd einkafirma síns, Mega-film, kvikmyndagerðar, gert að greiða stefnanda 3.723.712,50 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. ágúst 1990 til greiðsludags.

Til vara er gerð krafa um skaðabætur, sem nemi sömu fjárhæð og aðal-krafa með sömu vöxtum.

Krafist er viðurkenningar á höfundarrétti stefnanda að kvikmyndinni *Survival in the High North* samkvæmt 1. gr., sbr. 7. gr. og 8. gr. laga nr. 73/1972, og á því, að stefndi hafi brotið rétt stefnanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr.

laga nr. 73/1972. Með framhaldsstefnu var þess krafist, að stefndi yrði dæmdur vegna brota á höfundarrétti stefnanda og höfundarheiðri samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1972 vegna nýrrar og breyttrar útgáfu höfundarverks stefnanda, *Survival in the High North* eða *Lífsbjörg í norðurhöfum*, sem frumsýnd var í íslenska ríkissjónvarpinu 28. febrúar 1993.

Pá er einnig í framhaldsstefnu krafist „... viðurkenningar á því, að framlag stefndu (sic) við gerð kvikmyndarinnar *Survival in the High North* njóti verndar 2. mgr. 41. gr. laga 73/1972.“

Að stefnda verði gert að greiða 1.000.000 kr. í miskabætur.

Krafist er viðurkenningar á rétti stefnanda til höfundarlauna vegna birtingar verksins erlendis og sölu þess og dreifingar á myndbandi og að stefnda verði gert að upplýsa um slíka birtingu samkvæmt meginreglu 2. mgr. 37. gr. laga nr. 73/1972, svo að stefnanda verði gert mögulegt að setja kröfu fram um höfundarlaun á síðari stigum málsins.

Krafist er þyngstu refsingar skv. 54. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 5. gr. laga nr. 78/1984, vegna höfundarréttarbrotar stefnda gagnvart stefnanda.

Þess er krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 200.000 kr. eða annarrar hæfilegrar fjárhæðar að mati réttarins til að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og niðurstöðu dóms opinberlega.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda að mati dómsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði litið til virðisaukaskattsskyldu lögmannspóknunar.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi verulegrar lækkunar á fjárhagslegum dómkröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda og að málskostnaður beri dráttarvexti að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags.

II.

Málavöxtum er lýst svo í stefnu, að haustið 1985 hafi tekist samkomulag með aðilum málsins um gerð sjónvarpskvikmyndar um hvalveiðar við Ísland. Aðilar hafi unnið að gerð myndarinnar með hléum allt til 14. mars 1989, er hún var frumsýnd í íslenska sjónvarpinu. Verkaskipting, segir stefnandi, að hafi verið algerlega ljós, hún hafi verið leikstjóri og klippt myndina, en auk þess hafi hún að einhverju leyti unnið við kvikmyndatöku og hljóðupptöku.

Í stefnu segir, að ýmsir erfiðleikar hafi komið upp í samskiptum aðila við vinnslu myndarinnar. Bæði hafi komið til ágreiningur um efnistöð og fram-

kvæmdaatriði. Upphaflega hafi aðilar ætlað sér að stofna sameignarfélag um gerð myndarinnar. Félagið hafi fengið nafnið Magned-film, er sé samsetning nafna þeirra. Vegna þessa hafi stefnandi sinnt ýmsu, er annars sé verkefni framleiðanda mynda. Hún kveðst t. d. hafa tekið á sig kostnað af tónlist í myndinni með því að skuldajafna greiðslu til hljómsveitarinnar Súldar við kröfu, er hún átti sjálf á hljómsveitina. Aðilar hafi á ákveðnu tímabili báðir undirritað skjöl vegna myndarinnar í nafni þessa óskráða félags. Eftir þetta hafi fjármál kvikmyndarinnar hins vegar aldrei verið kynnt stefnanda og ekki heldur sala eða dreifing myndarinnar.

Stefnandi kveðst hafa margreynt að ganga frá skiptum aðila með samningum, en eigi tekist. Að lokum hafi óvild milli aðila verið orðin slík, að hugmyndir um sameign eða samstarf hafi verið úr sögunni. Stefndi hafi selt og dreift kvikmyndinni á vegum einkafirma síns, Mega-film, kvikmyndagerðar, kynnt verkið í heild sem sitt eigið höfundarverk og jafnvel breytt kreditlista myndarinnar og myndinni eftir frumsýningu án samráðs við stefnanda.

Tilraunir stefnanda til að fá greiðslu fyrir og viðurkenningu á vinnuframlagi sínu hafi reynst árangurslausar. Því hafi hún tekið þá ákvörðun að krefja um laun fyrir vinnu við myndina eins og hver annar starfsmaður, en falla frá kröfum um viðurkenningu á sameign eða hlutdeild í hagnaði.

Í greinargerð stefnda er málavöxtum lýst að nokkru leyti á annan veg. Hins vegar er ljóst, að stefnandi vann við gerð kvikmyndarinnar þau tímabil, er hún heldur fram, þó að ágreiningur sé um tímafjölda og nákvæmlega um verkefni eða stöðu stefnanda við gerð kvikmyndarinnar. Þannig greinir aðila m. a. beinlínis á um það, hvort stefnandi eigi höfundarrétt að myndinni Lífsbjörg í norðurhöfum vegna vinnuframlags síns við kvikmyndatöku og klippingu.

Myndin var, eins og áður greinir, frumsýnd í íslenska sjónvarpinu í mars 1989. Í febrúar 1993 var myndin sýnd að nýju í sjónvarpinu nokkuð breytt frá fyrri gerð. Varð sú sýning tilefni framhaldssakar í máli þessu.

III.

Aðalkrafa stefnanda er krafa um greiðslu skv. reikningum fyrir vinnu við kvikmyndina. Hún heldur því fram, að ekki hafi staðið til, að hún ynni endurgjaldslaust að gerð myndarinnar. Sé nú krafið um greiðslu skv. reikningi, með því að ekki hafi verið samið um neitt ákveðið endurgjald. Kveðst hún miða reikningana við texta Félags kvikmyndagerðarmanna á þeim tíma, er verk er unnið, að undanskildum hinum síðasta, er miðist við texta Saga-film. Er um að ræða samtals níu reikninga, sem eru sem hér segir:

2 reikningar vegna ársins 1985, samtals að fjárhæð	73.062 kr.
5 reikningar vegna ársins 1986, samtals að fjárhæð	923.212,50 kr.
Reikningur vegna ársins 1988, að fjárhæð	165.440 kr.
Reikningur vegna ársins 1989, að fjárhæð	2.662.500 kr.
Samtals er fjárhæð reikninganna	<u>3.824.214,50 kr.</u>

Stefnandi dregur síðan frá innborganir, er hún viðurkennir, að fjárhæð 300.000 kr., og að jafnvirði 65.502 íslenskra króna (sic). Síðan bætist við fjárhæð kröfu hljómsveitarinnar Súldar, er stefnandi hefur fengið fram-selda, 265.000 kr. Er þannig fengin endanleg kröfufjárhæð, 3.723.712,50 kr. Þessu til viðbótar er krafist miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr.

Til vara setur stefnandi fram kröfu sömu fjárhæðar sem skaðabótakröfu. Reisir stefnandi kröfuna á því, „... að stefndi hafi komið sér undan greiðslu fyrir verkið með blekkingum, þar eð stefnandi taldi sig eiga hlut í kvik-myndinni á grundvelli sameignar eða hlutdeildar í hagnaði. Stefnandi hafi ekki á fyrri stigum lagt fram reikninga, þar eð ekki hafi verið fullreynt, hvernig samningssambandi aðilanna væri háttað“. Stefnandi telur tjón sitt felast í töpuðum vinnustundum, sem hún hefði ella varið til vinnu við önnur störf, svo og í útlögðum kostnaði.

Jafnframt er krafist endurgreiðslu þess, er stefnandi greiddi fyrir tón-listarflutning í myndinni. Stefnandi segir, að það sé ekki leikstjóra myndar að kosta tónlist. Hún hafi heimilað tónlistarflytjendum að skuldajafna við sig, en hún hafi átt kröfu á hendur hljómsveitinni Súld vegna gerðar mynd-bands fyrir hljómsveitina. Er þessi kröfuliður að fjárhæð 265.000 kr.

Í stefnu var gerð miskabótakrafa með 500.000 kr., en í framhaldsstefnu er krafan hækkuð í 1.000.000 kr. og það byggt á því, að stefndi hafi breytt höf-undarverki stefnanda án samráðs við hana. Vísar stefnandi til 2. mgr. 4. gr. höfundalaga. Í stefnu segir hins vegar um miskabótakröfuna, að höfundar-heiður stefnanda hafi verið gróflega vanvirtur með þeirri háttsemi stefnda að dreifa myndinni í nafni einkafirma síns, Mega-film, án nokkurs samráðs eða tilkynninga eða greiðslu til stefnanda. Stefndi hafi í hvívetna kynnt verkið sem sitt eigið verk án þess að geta þáttar stefnanda. Slíkt sé þó frá-leitt þegar af þeirri ástæðu, að stefndi hafi ekki neina menntun, reynslu eða þekkingu til að skapa það höfundarverk, sem um sé að ræða.

Kröfu um kostnað við birtingu dóms kveðst stefnandi setja fram í því skyni, að henni verði mögulegt að fá þá kynningu á störfum sínum, sem kvikmyndin, sýning hennar og dreifing hefðu átt að veita henni. Kröfu þessa segir stefnandi því tengjast miskabótakröfunni. Vísar hún til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 59. gr., til stuðnings kröfulið þessum.

Stefndi Magnús Guðmundsson ritaði sjálfur greinargerð í málinu, en réð síðar lögmann, er ritaði greinargerð í framhaldssök.

Stefndi staðfestir, að stefnandi hafi komið að verki við gerð myndarinnar, svo sem haldið er fram. Hins vegar segir stefndi, að hún hafi verið ráðin sem tæknilegur samstarfsmaður, ekki leikstjóri, enda sé ekki um að ræða leikstjórn í heimildarmynd af þessu tagi. Stefndi hafi sjálfur verið yfirstjórnandi verksins; þá hafi hann einn verið framleiðandi, handritshöfundur og fjármagnari. Hann mótmælir því, að hugmyndin að gerð myndarinnar hafi verið þeirra beggja, hann hafi átt hana einn.

Stefndi lýsir í greinargerðinni álitu sínu um vanhæfni stefnanda og þrábeidni hennar um að koma aftur til starfa við gerð myndarinnar 1989.

Stefndi heldur því fram, að í byrjun hafi verið svo um samið, að stefnandi skyldi fá hlutdeild í nettóhagnaði myndarinnar, en ekki tímakaup. Síðar hafi orðið samkomulag um að breyta því þannig, að stefnanda hafi verið greitt sem verktaka fyrir unnar vinnustundir. Hafi verið að fullu greitt fyrir vinnu stefnanda á árunum 1985 og 1986. Hann mótmælir því að vinnuframlag stefnanda hafi nokkurn tíma orðið meira en sem tæknilegs samstarfsmanns.

Stefndi segir, að Magned-film hafi verið og sé óskráð einkafirma sitt, enda þótt heitið sé myndað úr nöfnum þeirra beggja.

Stefndi mótmælir kröfu vegna tónlistar hljómsveitarinnar Súldar. Samið hafi verið við hljómsveitina um endurgjaldslausan flutning tónlistar í myndinni. Ekki hafi verið kafið um slíka greiðslu fyrr en með stefnu í þessu máli.

Undirritun beggja undir skjöl vegna myndarinnar, telur stefndi, að hafi komið til án síns samþykkis.

Stefndi segir, að enginn hagnaður hafi orðið af myndinni, einungis verulegt tap.

Um breytingar á kreditlista myndarinnar segir stefndi, að þær séu réttlætanlegar með því, að stefnandi hafi í upphafi breytt þeim lista, er henni hafi verið falið að setja í myndina. Breytingar þær, sem stefnandi geri athugasemdir við, hafi verið leiðréttingar; þó hafi ekki verið fellt niður að neinu leyti nafn stefnanda eða eiginmanns hennar.

Stefndi mótmælir tímafjölda þeim, er stefnandi krefst greiðslu fyrir, og verklýsingum í reikningum þeim, sem hún hefur lagt fram.

Stefndi telur engan lagagrundvöll fyrir varakröfu stefnanda um skaðabætur. Stefndi hafi aldrei verið blekkt; hún hafi starfað við myndina af fúsum og frjálsum vilja sem lausráðinn, sjálfstæður verktaki.

Þá er því haldið fram í greinargerð stefnda, að reikningar séu fyrndir, þeir sem séu frá árunum 1985-1988.

Í greinargerð í framhaldssök, en þá greinargerð ritaði lögmaður fyrir stefnda, koma fram nokkrar viðbætur við fyrri greinargerð.

Þar er ítrekað, að stefnandi eigi ekki höfundarrétt að myndinni. Tekið er fram, að stefnandi hafi ekki verið leikstjóri, en fyrir þrábeiðni hennar hafi nafn hennar verið skráð sem víðast á kreditlista myndarinnar, m. a. sem leikstjóra.

Um kröfu um miskabætur vegna breytinga á myndinni er því haldið fram, að nauðsynlegt hafi verið að breyta nokkrum atriðum í henni eftir dóm Oslo byrett, þar sem nokkur atriði og ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Þá er því haldið fram, að ekki sé sýnt fram á nokkurt fjártjón, og miski sé örökstuddur.

Þá er borin fram málsástæða um fyrningu krafna vegna áranna 1985 og 1986 og jafnframt borið við tómlæti stefnanda um alla kröfu sína.

Loks heldur stefndi því fram, að stefnanda hafi verið greitt talsvert meira en hún vill viðurkenna.

V.

Ekki er ágreiningur með aðilum um, að stefnandi hafi starfað við gerð kvikmyndar þeirrar, sem um er rætt í máli þessu. Verður að líta svo á, þegar skoðaður er málflutningur aðila og skýrslur vitna fyrir dómi, að stefnanda hafi tekist að sanna, að hún eigi höfundarrétt að myndinni Lífsbjörg í norðurhöfum.

Vinna stefnanda að myndinni dreifðist á mörg mislöng tímabil. Svo sem stefnandi staðhæfir sjálf í sóknargögnum, var ekki skýrlega gengið frá samningum aðila um gerð myndarinnar, og má raunar telja líklegt, að hugmyndir aðila um það hafi verið óljósar. Hins vegar hefur með gögnum málsins verið sýnt fram á, að stefnandi átti ekki að koma að verkinu sem venjulegur launþegi. Með því að stefnandi gerir nú kröfu um vinnulaun, þykir ekki nauðsynlegt að leysa úr því nákvæmlega, hvernig um samdist milli aðila.

Stefndi heldur því fram, að greitt hafi verið fyrir það, sem unnið var árin 1985 og 1986. Því mótmælir stefnandi. Er vinna við klippingu og lokafrágang hófst árið 1989, er ekki að sjá, að stefnandi hafi gert fyrirvara vegna ógreiddra launa eða annars, þótt langur tími væri þá liðinn, frá því að sú vinna var innt af hendi. Atvik að því, að stefnandi hóf störf við gerð myndarinnar, eru eins og margt í skiptum aðila mjög svo óljós. Sama má segja um tilgang eða hugmyndir aðila um verkið. Í greinargerð þeirri, er stefndi

ritaði sjálfur, er í heild krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þar er miðað við fyrningu, og í greinargerð í framhaldssök er borið við tómlæti, auk þess sem ætíð kemur fram fullyrðing um, að launin hafi verið greidd að fullu. Verður að þessu athuguðu að hafna kröfum um vinnulaun árin 1985 og 1986, en fullyrðing stefnanda um, að venja standi til þess, að kröfur um vinnulaun við kvikmyndagerð gjaldfalli við frumsýningu myndarinnar, eru ósannaðar. Á sama hátt verður að hafna kröfu vegna ársins 1988, en ekki kemur fram í stefnu eða reikningi nákvæmlega, hvenær sú vinna var innt af hendi.

Því er mótmælt af hálfu stefnda, að vinnutímar árið 1989 séu svo margir sem stefnandi krefur um greiðslu fyrir. Ekki liggja önnur gögn fyrir um þennan vinnutímafjölda en fullyrðing stefnanda svo og sú staðreynd, að stefnandi innti umtalsverða vinnu af hendi. Verður eftir atvikum að líta svo á, að stefnandi hafi gert upp gefinn tímafjölda nægilega sennilegan, til að hann verði lagður til grundvallar.

Pá eru aðilar ekki sammála um, hvað stefnandi fékk greitt árið 1989. Stefnandi viðurkennir að hafa fengið greitt sem svarar 365.502 kr. Stefndi vill bæta nokkru við þessa tölu, svo sem áður greinir. Samkvæmt fram lögðu launaframtali stefnda greiddi stefndi stefnanda 555.000 kr. árið 1989, og verður lagt til grundvallar, að 555.000 kr. hafi verið greiddar inn á launa-kröfu stefnanda vegna ársins 1989.

Í reikningi sínum miðar stefnandi við taxta Saga-film. Ekki er ljóst, hvers vegna miðað er við taxta fyrir útselda vinnu, en telja verður, að með kröfu-gerð sinni krefji stefnandi um vinnulaun. Verður að reikna tímafjöldann (1.065 stundir samtals) með hliðsjón af tímakaupi því, sem fram kemur á taxta kvikmyndagerðarmanna miðað við 1. febrúar 1988, en heimildir um yngri taxta þess félags liggja ekki frammi. Í taxta þessum eru grunnlaun kvikmyndastjóra í dagvinnu 1.106 kr. og í næturvinnu 1.769 kr. Eftir atvik-um þykir rétt að miða við jafnaðarkaup, þ. e. 1437 kr. á tímann, svo að niðurstaðan verður, að rétt sé að krefja um 1.530.405 kr. vegna ársins 1989. Að frádreginni áðurgreindri fjárhæð innborgana, 555.000 kr., verða því dæmdar 975.405 kr.

Refsikrafa er sett fram í stefnu. Í upptalningu krafna fyrst í stefnunni er krafist refsingar „vegna ofangreindra höfundarréttarbrota stefnda gagnvart stefnanda“, án þess að af því verði ráðið skýrlega, hvað átt sé við. Síðar í stefnu er vikið að þeim höfundarréttarbrotum, er stefnandi telur koma fram með dreifingu myndarinnar án samráðs við sig, svo og breytingum á kreditlista myndarinnar. Að lokum er í kafla um lagarök vísað til 54. gr. laga nr. 73/1972. Í framhaldsstefnu segir síðan í kafla um málsástæður og lagarök: „Refsikrafa í aðalsök er sérstaklega ítrekuð varðandi kröfu í framhaldssök.“ Framsetning refsikröfu er því ekki svo skýr sem nauðsynlegt er,

p. á m. er heimfærsla til refsíákvæðis ekki nægilega glögg. Verður að vísa refsíkröfunni frá dómi.

Krafa um miskabætur kemur fram í stefnu og er síðan hækkuð í framhaldsstefnu vegna breytinga þeirra, er gerðar höfðu verið á myndinni. Að athuguðum gögnum málsins verður ekki talið, að breytingar á kreditlista myndarinnar séu slíkar, að stefnanda verði dæmdar miskabætur vegna þeirra, en ósannað er, að breytingarnar séu rangar. Hins vegar verður ekki fallist á það með stefnda, að breytingar þær, er gerðar voru á myndinni fyrir endursýningu árið 1993, hafi verið nauðsynlegar vegna dóms Oslo byrett. Þykir verða að ákveða stefnanda miskabætur vegna þessara breytinga, og verða þær ákveðnar 100.000 kr.

Ósannað er, að samið hafi verið um tiltekið endurgjald fyrir tónlist hljómsveitarinnar Súldar í myndinni, en ekki hafa önnur sönnunargögn verið færð fram um þann samning en ódagsett yfirlýsing um framsal kröfu til stefnanda. Verður stefndi sýknaður af þessum lið kröfugerðar stefnanda.

Kröfu um greiðslu til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins verður að hafna, en 241. gr. almennra hegningarlaga veitir ekki heimild til slíkrar kröfu í þessu máli.

Kröfur um viðurkenningu höfundarréttar, viðurkenningu á, að stefndi hafi brotið gegn þeim rétti, viðurkenningu á rétti stefnanda til höfundarlauna og um skyldu stefnda til upplýsinga um birtingar eru ódómhæfar, og verður að vísa þeim frá dómi. Krafa í framhaldsstefnu um, að stefndi verði dæmdur vegna höfundarréttarbrotar, er ekki svo skýr, að um hana verði fjallað efnislega.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda samtals 1.075.405 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 975.405 kr. frá stefnubirtingardegi 4. maí 1992 til greiðsludags. Vaxta var eigi krafist af miskabótum, og bera þær því eigi dráttarvexti. Ekki er ástæða til, að dómur hljóði um greiðslu úr hendi óskráðs einkafirma stefnda.

Eftir öllum atvikum verður málskostnaður felldur niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem er Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Framangreindum refsí- og viðurkenningarkröfum er vísað frá dómi.

Stefndi, Magnús Guðmundsson, greiði stefnanda, Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, 1.075.405 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 975.405 kr. frá 4. maí 1992 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.